

Fundagerð 119. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 11. janúar 2018 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, Guðmundur Sigurvinsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Andrés Bjarnason og Símon Guðvarður Jónsson.
Fjarfundur: Jón Jóhannsson, Guðni Elísson og Örn Friðriksson
Fjarverandi: Þorsteinn Hjálmarsson og Guðmundur Helgi Þórarinnsson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 118
 2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM
 3. Uppsögn kjarasamninga í febrúar 2018
 4. Framkvæmd stjórnar- og formannskjörs VM
 5. AKKUR – Styrktar- og menningarsjóður VM
 6. Lagt fram til upplýsingar
- Önnur mál

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 118

Fundagerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála

- Hina árlegu fundarhringferð í kringum hátíðarnar til að funda með vélstjórum á fiskiskipum og einnig var fundað með farskipum (Hvalaskoðun). Að vísu var fundinum á Höfn frestað til næsta laugardags. Léleg mæting var á þessa fundi nema í Eyjum.
- Erum ennþá að bíða eftir svari frá SA vegna kjarasamnings fyrir hvalaskoðun, þurfum að fara að reka á eftir þeim ef það á að fara í aðgerðir í mars/apríl.
- Bókanir við SFS ganga illa en við eigum fund með lögfræðingnum þeirra á morgun.
- Kjarakönnun VM er lokið, niðurstöður munu liggja fyrir í næstu viku.
- Starfsfólk félagsins er komið á fullt í vinnu vegna nýrra persónuverndarlaga og vegna viðbragðsáætlunar vegna eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis.
- Sjómannanna og vélstjórafélga Grindavíkur sagði sig úr Sjómannasambandinu og ASÍ. Þetta er sögleg niðurstaða og veikir samningsmátt sjómanna.

3. Uppsögn kjarasamninga í febrúar 2018

Fundur er í samninganefnd ASÍ á eftir . VM mun ekki hlusta á loforð frá ríkinu, loforðin verða að vera skrifleg. Eins og staðan er í dag þá er erfitt að átta sig á hvornig þetta fer þ.e. hvort

samningum verður sagt upp eða ekki. Margir eru á því að það eigi að klára samninginn, fá þess 3% hækkun í maí og lífeyrissjóðshækkunina. Við munum funda með okkar trúnaðarmönnum og kanna hvað menn vilja gera.

4. Framkvæmd stjórnar- og formannskjörs VM

Lagt fram til samþykktar lokaskjal varðandi framkvæmt stjórnar- og formannskjörs.

Búið er að laga í samræmi við þær athugasemdir sem komu fram á síðasta fundi. Skjalið var samþykkt.

5. Akkur – Styrktar og menningarsjóður VM

Formaður sagði frá því að lokaniðurstaða væri komin í Akksmálinu. Dómurinn er í gögnum fundarins.

6. Lagt fram til upplýsingar

- Þakkarbréf frá Mæðrastyrksnefnd
- Innheimtuskyldur Lífeyrissjóða
- Úrsögn SVG úr Sjómannasambandinu og ASÍ
- Tillaga að breytingum á 41. grein laga ASÍ

7. Önnur mál

Gullmerki VM vegna aðalfundar 2018.

Fundi slitið kl. 14:10